

Alþingi
Erindi nr. P 131/809
komudagur 21.2.2005



Reykjavík, 30. desember 2004

Ríkislögreglustjórinn
Lögreglustjórar

Árið 2005 mun Rannsóknarnefnd umferðarslysa rannsaka banaslys í umferðinni. Að auki mun nefndin hefja tilraunaverkefni sem felur í sér gagnasöfnun á umferðarslysum þar sem mikil meiðsli hafa orðið á vegfarendum.

Áfram skulu banaslys í umferðinni tilkynnt nefndinni svo fljótt sem auðið er af Neyðarlínu eða Fjarskiptamiðstöð lögreglu. Ef svo ber undir að lögregluþjónn á vettvangi eða neyðarsímvörður eru í vafa um alvarleika slyssins, þ.e.a.s. að vafi leikur á hvort um banaslys er að ræða eða ekki, er betra að slysið sé tilkynnt nefndinni, frekar en ekki.

Í þeim umferðarslysum þar sem ekki hefur orðið mannlát, en meiðsli á fólki eru talin mikil, skal tilkynna slysið nefndinni næsta virka vinnudag eftir að slys hefur orðið. Hentugast er að rannsóknari eða sá sem hefur umsjón með rannsókn, tilkynni nefndinni um þau slys með tölvupósti til framkvæmdastjóra RNU agust@us.is, eða símleiðis í síma 580 2029/ gsm. 822 8876. Rannsóknarnefndin mun hafa samband við rannsóknara hverju sinni er slys með miklum meiðslum er tilkynnt nefndinni og meta eftirfylgni, í hverju tilviki fyrir sig.

Eins og fyrr getur er rannsókn á umferðarslysum þar sem mikil meiðsli hafa orðið, tilraunverkefni árið 2005. Verkefnið felur í sér ítarlegri gagnasöfnun fyrir rannsóknarnefndina samanborið við fyrri ár, að auki sem verkefnið felur í sér meiri vinnu fyrir starfsmenn lögreglustjóraembættanna. Því telur nefndin skynsamlegt að öðlast reynslu og móta vinnubrögð hið fyrsta ár.

Þær skilgreiningar sem rannsóknarnefndin miðar við í vinnu sinni eru alþjóðlegar en skv. þeim er banaslys í umferðinni skilgreint svo:

Maður telst látinn af völdum umferðarslyss ef hann deyr af afleiðingum þess innan 30 daga.

Umferðarslys þar sem meiðsli eru mikil er skilgreint svo:

Beinbrot, heilahristingur, innvortis meiðsli, kramin líffæri, alvarlegir skurðir og rifnir vefir, alvarlegt lost (taugaáfall) sem þarfnast lækni meðferðar og sérhver önnur alvarleg meiðsli sem hafa í för með sér nauðsynlega dvöi á sjúkrahúsi lengur en 6 klst.

Eftir að rannsókn banaslysa og slysa með miklum meiðslum lýkur, skal skýrsla málsins send framkvæmdastjóra Rannsóknarnefndar umferðarslysa, Umferðarstofu, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

f.h. rannsóknarnefndarinnar

Ágúst Mogensen,
framkvæmdastjóri

	Umferðarslys	Banaslys í umferðinni
<p>A ensku sky. ECE. Hin alþjóðlega skilgreining sem flestar þjóðir notast við</p> <p>Economic Commission for Europe, (Geneva, 1968).</p>	<p>Accidents included are those:</p> <p>a) Which occurred or originated on a way or street open to public traffic;</p> <p>b) Which resulted in one or more persons being killed or injured and</p> <p>c) In which at least one moving vehicle was involved</p>	<p>Killed: Any person who was killed outright or who died within 30 days as a result of the accident.</p>
<p>Slysaskrá Umferðarstofu</p>	<p>Umferðarslys er það óhapp sem a.m.k eitt ökutæki á hreyfingu á aðild að og á sér stað á opinberum vegi, einkavegi eða svæði sem opið er almennri umferð.</p>	<p>Aðili í umferðarslysi ferst innan 30 daga frá því að slysið varð, af þeim áverkum sem í umferðarslysinu hlutust. (30 daga reglan).</p>
<p>Rannsóknarnefnd umferðarslysa</p>	<p>Öll slys þar sem ökutæki á landi eiga í hlut. Þ.m.t. vélsleðaslys, slys utan vegar s.s. á jökli.</p>	<p>30 daga reglan.</p>

Slys með miklum meiðslum

Serious injuries: Fractures, concussion, internal lesions, crushing, severe cuts and laceration, severe general shock requiring medical treatment and any other serious lesions entailing detention in hospital.

Beinbrot, heilahristingur, innvortis meiðsli, kramin líffæri, alvarlegir skurðir og rifnir vefir, alvarlegt lost (taugaáfall) sem þarfnast lækni meðferðar og sérhver önnur alvarleg meiðsli sem hafa í för með sér nauðsynlega dvöl á sjúkrahúsi

Sama og alþjóðlega reglan, nema að nauðsynleg dvöl á sjúkrahúsi er skilgreind sem a.m.k. 6 klst.

Slys með litlum meiðslum

Secondary injuries such as sprains or bruises. Persons complaining of shock, but who have not sustained other injuries, should not be considered in the statistics as having been injured unless they show very clear symptoms of shock and have received medical treatment or appeared to require medical attention.

Annars flokks meiðsli, svo sem tognun, liðskekkja eða mar. Fólk sem kvartar um lost (taugaáfall) en hefur ekki orðið fyrir öðrum meiðslum, ber ekki að telja nema að það hafi greinileg einkenni losts (taugaáfalls) og hafi hlotið lækni meðferð samkvæmt því.

Sama og að ofan

Munur á skilgreiningum:

1. Í skilgreiningu á umferðarslysi miðar Rannsóknarnefnd umferðarslysa við slys er varðar ökutæki á landi. Hin alþjóðlega skilgreining miðast við slys ökutækja á opinberum vegum, einkavegi eða svæði sem er opið almennri umferð.
2. Í hinni alþjóðlegu skilgreiningu á umferðarslysi er miðað við að slys verði á fólki, þ.e.a.a.s. einhver meiðist. Í skilgreiningu Umferðarstofu er ekki miðað við að einhver meiðist, þar af leiðir að eignatjón falla undir skilgreininguna umferðarslys hjá Umferðarstofu.
3. Í skilgreiningu á slysum með miklum meiðslum þótti rannsóknarnefndinni óljóst hvað væri átt við með „nauðsynlegri dvöl á sjúkrahúsi”. Læknir nefndarinnar taldi eðlilegt að eigi væri miðað við skemmri dvöl en 6 klukkustundir.

ÁM.